

Haustfundur Inner Wheel umdæmisins á Íslandi

haldinn á hótél Natura laugardaginn 2. nóv. 2024 kl. 11:30.

Eftirfarandi félagar úr Inner Wheel klúbbum á Íslandi mættu:

IW Reykjavík: Karítas Sigurðardóttir, Margrét Einarsdóttir, Margrét Þorvaldsdóttir, Guðrún B. Jónsson, Ágústa Hauksdóttir, Sigríður Ása Ólafsdóttir, Elín Hjartar, Gunnhildur Jónsdóttir, Edda Guðmundsdóttir, Ragnhildur Björnsson, Vigdís Jónsdóttir, María Heiðdal, Stefanía Borg Thorsteinsson.

IW Hafnarfirði: Alma Sigurðardóttir, Valdís B. Guðjónsdóttir, Agnes Jóhannsdóttir, Kristjana Þórdís Ásgeirsdóttir.

IW Selfoss: Hjördís Þorfinnsdóttir, Vilborg Eiríksdóttir, María Óladóttir, Nína G. Pálsdóttir, Sigríður J. Guðmundsdóttir.

IW Keflavík: Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir, Soffía Heiða Hafsteinsdóttir, Ágústa Kristín, Aðalheiður Valgeirsdóttir, Sólveig Einarsdóttir, Gunnhildur Skaftadóttir.

IW Kópavogur: Jónína Guðrún Einarsdóttir, Edda Magnúsdóttir, Sigrún Ívarsdóttir, Helga Einarsdóttir, Dúfa Einarsdóttir, Sólveig Árnadóttir, Sigurbjörg Magnúsdóttir, Magga Hrönn Árnadóttir.

Gestur: Birna María Björnsdóttir, Character vefstúdíó.

Samtals mættu 36 félagar og einn gestur.

María Heiðdal stakk upp á sjálfri sér sem fundarstjóra og Vigdísí Jónsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt. Fundarstjóri kveikti á kerti og þakkaði klúbbum fyrir síðast en María er búin að heimsækja alla klúbbana nema einn. Fundarstjóri fór yfir dagskrána en hún var eftirfarandi:

Fundarsetning

Tilnefning fundarstjóra og fundarritara.

Sagðar verða fréttir um hvað er efst á dagskrá hjá klúbbunum, hver eru markmið vetrarins og hvernig á að ná þeim.

Birna María Björnsdóttir netstjóri segir frá sér og sínum störfum.

Vigdís Jónsdóttir, ritari umdæmisins, fer yfir þær lagagreinar International Inner Wheel sem lúta að því að leggja niður klúbb eða klúbbur sameinist öðrum klúbbum.

Önnur mál.

Hlaðborð kl. 12:30 og kl. 14.00 hittumst við í þinghúsinu og fáum leiðsögn um það og ef tækifæri gefst, skoðum við hluta af Smiðju, nýju húsi Alþingis.

Fundastjóri hvatti konur til að fara á Rallyið í Árósum í sept. 2025.

Síðan fóru fundargestir saman með einkunnarorð Inner Wheel.

Að auka sanna vináttu, að efla mannleg samskipti, að auka alþjóðlegan skilning.

Klúbbar segja frá.

IW Hafnarfjörður: Agnes Jóhannsdóttir forseti sagði frá fyrirhuguðu starfi vetrarins. Klúbburinn var stofnaður 4. nóv. 1977 og núna eru 21 félagi í klúbbnum sem starfar á hefðbundinn hátt. Á sl. fjórum fundum hafa félagar úr IW Görðum mætt á félagsfundi. Féлага bíða spennandi fyrirlestrar í ár og vonandi halda félagar úr IW Görðum áfram að mæta á fundi. Agnes sagði frá verkefni sem heitir Mía magic sem Þórunn Eva Thapa stendur fyrir og sýndi dúkkupeysur sem félagar úr klúbbnum eru að þrjóna á dúkkuna Míu (sem er langveik).

IW Keflavík: Sólveig Einarsdóttir forseti sagði frá fyrirhuguðu starfi vetrarins. Þær héldu aðalfund í október og fengu 9 nýja féлага og eru félagar alls 30. Nú er um að gera að þetta hópinn og þær munu fá fyrirlesara ú nærsamfélaginu á Reykjanesi.

IW Kópavogur: Helga Einarsdóttir forseti sagði frá fyrirhuguðu starfi vetrarins. Klúbburinn er með þema í fyrirlestrum sínum, sl. vetur var bókaþema og í vetur verður þemað heilsa og mataræði. Fá þær spennandi fyrirlesara og hafa í huga „lífum lengur betra lífi“. Markmið hjá þeim er að fjölga félögum og gestir eru alltaf velkomnir.

IW Reykjavík: Margrét Einarsdóttir forseti sagði frá fyrirhuguðu starfi vetrarins. Aðeins verður dregið úr fundum svo minna mæði á stjórn klúbbsins. 392. fundur var haldinn í október og var það aðalfundur. Félagar eru núna 21. Má segja að klúbburinn sé að spila varnarleik, því ekki viljum við að starfið falli alveg niður.

IW Selfoss: Nína G. Pálsdóttir sagði frá fyrirhuguðu starfi vetrarins í forföllum forseta; Önnu Vilhjálmisdóttur. Klúbburinn hefur sett sér það markmið að fjölga félögum sem núna eru 21 upp í 25 á árinu 2025. Leitar klúbburinn til kvenna sem eru 50 ára og eldri til að gerast félagar. Starfsárið hjá klúbbnum er frá sept. til maí. Nína sagði síðan stuttlega frá góðri heimsókn frá Tyrklandi, en tyrknesk hjón sem eru í Inner wheel og Rotary, eru með mikla tengingu við félagskonu á Selfossi. Inner Wheel félaginn Iclal Kardicali er ein af stjórnarmönnum alþjóðasamtakanna og á IW Ísland því greiða leið að æðstu stjórn alþjóðasamtakanna ef á þarf að halda.

Næst á dagskrá var netstjóri heimasíðunnar okkar. Birna María Björnsdóttir tók við síðunni 2018. Hún hélt fróðlegt erindi um vinnu sína og um heimasíðu okkar. Hún lagði áherslu á að notuð væri netföng sem sýndu rekjanleika í breytingabeidnum, sem eru t.d. president@innerwheel.is en ekki persónuleg netföng. Forseti færði Birnu rós fyrir fyrirlestur sinn.

Vigdís Jónsdóttir kynnti réttar aðferðir við sameiningu klúbba eða að klúbbar séu lagðir niður og fylgja blöðin með fundargerðinni. Hún lagði áherslu á að þetta væri ekki eitthvað sem væri brýnt en ef það kæmi til þyrfti að standa rétt að því.

Undir önnur mál kvaddi Kristjana Þ. Ásgeirsdóttir sér hljóðs og sagði frá því að búið væri að einfalda tölvupóstfang hvers klúbbs í samskiptum við alþjóðaskrifstofuna. Þessi netföng yrðu notuð í öllum samskiptum við IIW og einnig þegar kosningar fara fram. Hver klúbbur og umdæmið þurfa því að gera tölvupóstfang á einfaldan hátt, t.d. yrði tölvupóstfang klúbbsins í Reykjavík iw.reykjavik@gmail.com

Hér er slóð á þetta:

[Stöðlun á opinberum netföngum Inner Wheel klúbba.](#) Smellið á hlekkinn. Þar eru allar nánari upplýsingar um þetta.

[Hér eru kostirnir](#) - smellið

Með gmail netföngum verður m.a. aðgangur að the Members' Portal auðveldari.

Einnig sagði hún frá að hjá alþjóðasamtökunum væri búið að kynna félagaslegt þema fyrir árið 2024-2027 sem hétu "[Reach & Inspire for a Better World](#)" sem loforð og skuldbinding alþjóðasamtakanna til að beita sér fyrir betri heimi.

Þá nutu fundarkonur frábærs hlaðborðs á hótél Natura.

Sleit forseti síðan haustfundinum kl. 13:30.

Að haustfundi loknum bauð Vigdís Jónsdóttir ritari umdæmisins okkur í þinghúsið. Vigdís hefur starfað í þinghúsinu síðan 1982, síðast sem aðstoðarskrifstofustjóri Alþingis. Hún leiddi okkur um sali þingsins og sagði frá listaverkum sem þar er að finna. Síðan var farið í Smiðju, og fyrsta og fimmta hæð nýja hússins skoðaðar. Falleg bygging að utan og innan.

Heimsókninni í þingið lauk um kl. 15.

Vigdís Jónsdóttir

umdæmisritari